



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 3. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

### 9. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2022, þann 4. ágúst kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Ragnheiður S. Eyþórsdóttir í forföllum Herberts Haukssonar, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir.

Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram

Dagskrá:

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

##### **1. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 1. fundar frá 28. júlí sl.**

Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar Landbúnaðarnefndar.

Sveitarstjórn er sammála breyttu fyrirkomulagi heiðarsmölunar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

##### **2. Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 1. fundar frá 29. júní sl.**

Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar. Varðandi lið 1 tekur sveitarstjórn undir mikilvægi þess að viðræður haldi áfram við forsvarsmenn ÍBU með það fyrir augum að bæta aðstöðu og grundvöll fjölbreyttrar starfsemi félagsins og er oddvita, sveitarstjóra og formanni nefndarinnar falið að fylgja málinu eftir að höfðu samráði við nágrannasveitarfélög.

Varðandi lið 2 felur sveitarstjórn sömu aðilum að ræða við forsvarsmenn UMFH um rekstur félagsins og einstakra deilda.

Varðandi lið 3.a. þá vísar sveitarstjórn hugmyndum um sameiginlegt ungmennaráð með Skeiða- og Gnúpverjahreppi til ungmennaráðs til umfjöllunar. Öðrum hugmyndum og ábendingum sem fram koma í fundargerðinni er vísað til gerðar fjárhagsáætlunar ársins 2023.

##### **3. Umhverfisnefnd: Fundargerð 1. fundar frá 29. júní sl.**

Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar Umhverfisnefndar.

Varðandi lið 2 þá samþykkir sveitarstjórn að fela sveitarstjóra að endurskoða erindisbréf nefndarinnar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

##### **4. Veitustjórn: Fundargerð 2. fundar frá 2. ágúst sl.**

Oddviti kynnti fundargerð 2. fundar Veitustjórnar.

Varðandi lið 1 vatnslögn að Auðsholti samþykkir sveitarstjórn afgreiðslu veitustjórnar.

Varðandi lið 4, fráveita í nýju hverfi „Byggð á Bríkum“ samþykkir sveitarstjórn að fullnaðarhönnun á fráveitukerfi og öðrum veitum verði kláruð sem allra fyrst og þar með einnig útboðsgögn fyrir framkvæmdir við fyrstu götu hverfisins, Norðurtanga með það fyrir augum að útboð á gatnagerð geti átt sér stað í september 2022. Sveitarstjóra falið að leggja fram mat á kostnaði og framkvæmdaáætlun á fundi sveitarstjórnar í byrjun september.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:**

**5. Fundargerð 243. fundar skipulagsnefndar frá 13. júlí sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. júlí sl.**

Oddviti kynnti fundargerð 243. fundar skipulagsnefndar frá 13. júlí s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. júlí s.l.

**Eftirfarandi mál er varða Hrunamannahrepp eru afgreidd sérstaklega:**

**Mál nr. 26. Túngata 5: Umsókn um byggingarleyfi, íbúðarhús á tveimur hæðum.**

Fyrir liggur umsókn Þóreyjar E. Elíasdóttur fyrir hönd Karls Hallgrímssonar og Grétu Gísladóttur, móttækin 14.06.2022, um byggingarleyfi fyrir 194,9 m<sup>2</sup> íbúðarhúsi á tveimur hæðum á íbúðarhúsalóðinni Túngötu 5 L232412 í Hrunamannahreppi. Misræmi er á milli framlagðra gagna og deiliskipulags er varðar aðkomu og bílastæði.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins þar sem umsækjandi um byggingarleyfi er ekki lóðarhafi samkvæmt lóðarúthlutun. Sveitarstjóra falið að fylgja málinu eftir við málsaðila og jafnframt leggja fram drög að endurskoðuðum reglum um lóðarúthlutanir í sveitarfélaginu.

**Mál nr. 27. Haukholt 2: Deiliskipulag.**

Lagt er fram deiliskipulag sem tekur til Haukholt 2 í Hrunamannahreppi eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreits fyrir íbúðarhús og bílskúr. Umsagnir bárust vegna málsins á auglýsingatíma þess og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Mál nr. 29. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. júlí sl.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. júlí s.l.

**6. Seyrustjórn: Fundargerð 3. fundar frá 14. júní sl.**

Oddviti kynnti fundargerð 3. fundar Seyrustjórnar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**Erindi til sveitarstjórnar:**

**7. Bréf frá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu frá 18. júlí 2022.**

Oddviti kynnti bréf frá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu þar sem umsókn um styrk vegna framkvæmda við fráveitur á Flúðum, Gröf/Garðastíg á árinu 2022 er samþykkt. Styrkfjárhæðin nemur 30% af staðfestum heildarkostnaði vegna framkvæmda á árinu 2022.

Lagt fram til kynningar og skrifstofustjóra falið að halda utan um uppgjör vegna verkefnisins.

**8. Bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi frá 27. júní 2022.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Sonus viðburða ehf, um leyfi til reksturs veitinga í flokk II, veitingaleyfi-F Krá að Smiðjustíg 10.

Sveitarstjórnarmenn hafa þegar gefið sitt leyfi og sveitarstjórn samþykkir því hér með formlega umrætt leyfi. Ragnhildur vék af fundi við afgreiðslu málsins.

**9. Bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi frá 12. júlí 2022.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Sonus viðburða ehf. fyrir tímabundnu áfengisleyfi fyrir Bæjar- og fjölskylduhátíðina Flúðir um Versló í Félagsheimili Hrunamanna frá 29. júlí 2022 frá kl.22:00 til kl. 03:00 aðfaranótt 1. ágúst 2022.

Sveitarstjórnarmenn hafa þegar gefið sitt leyfi og sveitarstjórn samþykkir því hér með formlega umrætt leyfi. Ragnhildur vék af fundi við afgreiðslu málsins.

**10. Bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi frá 22. júlí 2022.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Sonus viðburða ehf. um tækifærisleyfi fyrir Bæjar- og Fjölskylduhátíðinni Flúðir um Versló frá 29. júlí kl.15:00 til kl.03:00 aðfaranótt 1. ágúst 2022.

Sveitarstjórnarmenn hafa þegar gefið sitt leyfi og sveitarstjórn samþykkir því hér með formlega umrætt leyfi. Ragnhildur vék af fundi við afgreiðslu málsins.

**11. Bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi 13. júlí 2022.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Efra-Sels ehf. um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II að Efra-Seli.

Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við veitingu leyfisins.

**12. Bréf frá Vegagerðinni frá 28. júní 2022.**

Oddviti kynnti bréf frá Vegagerðinni þar sem samþykkt hefur verið að úthluta til afréttavega í Hrunamannahrepp 1.500.000,-.

Sveitarstjórn þakkar fjárveitinguna og vísar erindinu til Landbúnaðarnefndar til umfjöllunar.

**13. Bréf frá Vegagerðinni frá 12. júlí 2022.**

Oddviti kynnti bréf frá Vegagerðinni til skipulagsfulltrúa þar sem Vegagerðin vill minna á mikilvægi samráðs á skipulagsstigi vegna samgangna.

Lagt fram til kynningar.

**14. Bréf frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun frá 12. júlí 2022.**

Oddviti kynnti bréf frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun vegna Rammasamnings ríkis og sveitarfélaga um aukið framboð íbúða 2023-2032 og sameiginlega sýn og stefnu í húsnæðismálum.

Sveitarstjórn fagnar því að ríki og sveitarfélög hafi nú sameinast um stefnu og aðgerðir til að tryggja uppbyggingu íbúða í samræmi við þörf fyrir húsnæði á hverjum stað og á hverjum tíma. Sveitarstjórn telur rétt að húsnæðisáætlun sveitarfélagsins verði endurskoðuð í samræmi við ákvæði þar um og nýrri áætlun skilað fyrir 1. mars 2023. Í húsnæðisáætlun er rétt að gera góða grein fyrir þeirri uppbyggingu sem framundan er í sveitarfélaginu.

**15. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 12. júlí 2022.**

Oddviti kynnti bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna upplýsinga og samráðsfundar sem halda á þann 31. ágúst nk. um framhald samstarfs um innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Lagt fram til kynningar. Jafnframt samþykkt að sveitarstjóri, Aldís Hafsteinsdóttir og formaður umhverfisnefndar, Kristinn Þór Styrmisson, verði fulltrúar Hrunamannahrepps í þessari vinnu en Kolbrún Haraldsdóttir hefur óskað lausnar frá störfum í heimsmarkmiðahópi sveitarfélagsins. Vakinn er athygli á því að allir sveitarstjórnarmenn ekki síst nýkjörnir eru velkomnir á fundinn sem kynntur er í bréfinu.

**16. Bréf frá Umhverfisstofnun frá 30. júní 2022.**

Oddviti kynnti bréf frá Umhverfisstofnun vegna ársfundar náttúruverndarnefnda sem haldinn verður þann 10. nóvember n.k.

Lagt fram til kynningar en erindinu er jafnframt vísað til Umhverfisnefndar til kynningar og umfjöllunar.

**17. Bréf frá bæjarstjórn Vestmannaeyja frá 11. júlí 2022.**

Oddviti kynnti bréf frá bæjarstjórn Vestmannaeyja vegna bókuar þeirra um heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni.

Sveitarstjórn tekur undir áhyggjur bæjarstjórnar Vestmannaeyja af mönnun heilsugæslustöðva á landsbyggðunum. Brýnt er að tryggja að allir íbúar landsins hafi eins góða heilbrigðisþjónustu og nokkur er kostur og að fjölbreyttar stöður sérfræðinga á landsbyggðunum verði gerðar áhugaverðar þannig að betur gangi að manna þær en nú er reyndin.

**18. Næsti fundur sveitarstjórnar**

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn fimmtudaginn 18. ágúst n.k. kl. 14:00.

**Skipanir í nefndir og ráð:**

**19. Skipun fulltrúa í Öldungaráð uppsveita og Flóa.**

Oddviti kynnti skipun fulltrúa í Öldungaráð uppsveita og Flóa.

Sveitarstjórn skipar Þröst Jónsson og Stefán G. Arngrímsson til vara í Öldungaráð Uppsveita og Flóa.

**Verkfundargerðir:**

**a. Hringtorg Flúðum: Verklökaskýrsla.**

Fundargerðin samþykkt.

**b. Kópsvatn-Garðastígur: Verkfundargerð 9. fundar.**

Fundargerðin samþykkt.

**c. Kópsvatn-Garðastígur: Verkfundargerð 10. fundar.**

Fundargerðin samþykkt.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

**d. SASS: Fundargerð 584. fundar stjórnar frá 24. júní sl. og fundargerð aukaaðalfundar SASS frá 16. júní.**

Lagt fram til kynningar.

**e. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð aukaaðalfundar frá 16. júní sl.**

Lagt fram til kynningar.

**f. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 219. fundar frá 29. júní sl.**

Lagt fram til kynningar.

**g. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð aukaaðalfundar frá 16. júní sl.**

Lagt fram til kynningar.

**h. Héraðsnefnd Árnesinga bs.: Fundargerð 26. fundar frá 30. júní sl.**

Lagt fram til kynningar.

**Mál til kynningar:**

**i. Fjallskilasamþykkt fyrir Árnessýslu austan vatna.**

Lagt fram til kynningar.

**j. Persónuvernd: Ársskýrsla Persónuverndar 2021.**

Lagt fram til kynningar.

- k. VSÓ ráðgjöf: Handbók um framkvæmd úrgangsstjórnunar.**  
Lagt fram til kynningar en jafnframt sent Umhverfisstofnun til yfirferðar.
- l. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 910. fundar stjórnar frá 20. maí sl.**  
Lagt fram til kynningar.
- m. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 911. fundar stjórnar frá 23. júní sl.**  
Lagt fram til kynningar.
- n. UTU bs.: Hlíð spilda1: Landbúnaðarsvæði í skógræktar- og landgræðslusvæði og stækkun frístundasvæðis; Aðalskipulagsbreyting.**  
Lagt fram til kynningar.
- o. UTU bs.: Hrunamannaafreittur: Kerlingarfjöll, landvarðarskáli; Deiliskipulag.**  
Lagt fram til kynningar.
- p. UTU bs.: Ásabyggð 32-42; Deiliskipulagsbreyting.**  
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:22.